




Konráð Axelsson og Hörður Arinbjarnar, en þeir reka félagið Myndkynningu sem stendur að sýningunni.



Þessar myndir eru eftir Victor Vasarely, en hann vinnur myndir sínar í „optískum“ formstíl. Ljós. Mbl. Kristján.

Meistarar á Kjarvalsstöðum

AÐ KJARVALSSTÖÐUM stendur nú yfir sýning á um 130 grafíkmyndum eftir fjölda franskra myndlistarmanna. Sýningin var opnuð laugardaginn 17. október sl. og verður opin daglega frá 14–22 til 1. nóvember nk. Um 50 listamenn eiga myndir á sýningunni og má meðal þeirra nefna þá Chagall, Braque, Matisse, Picasso, Miro, Vasarely, Dorny og fleiri.

Blm. Morgunblaðsins leit þar við í vikunni og hitti fyrir þá Hörð Arinbjarnar og Konráð Axelsson, en félagið Myndkynning, sem þeir reka saman, stendur að sýningunni. Hörður var spurður um aðdraganda sýningarinnar:

„Félagið Myndkynning hefur frá 1976 haldið árlegar sýningar hér að Kjarvalsstöðum, og er þetta fimmta sýningin á vegum félagsins; hér hafa verið haldnar sýningar '76 að síðasta ári undanskildu. Á flestum sýningunum hafa verið blönduð myndverk, en ein sýning var haldin á verkum Salvador Dali og á þessari sýningu eru eingöngu grafíkmyndir eftir franska myndlistarmenn.“

Er þetta sölusýning?

„Já, nær allar myndirnar eru hér til sölu, verðið á myndunum er mjög viðráðanlegt, flestar myndirnar kosta frt1.000 til 3.–4.000, en dýrasta myndin er eftir Miro og kostar um 60.000.“

Er ekki mikið verk að setja upp svona sýningu?


„Jú, það er búið að vinna hér baki brotnu. Jóhannes Jóhannesson málari og Guðmundur Benediktsson settu upp myndirnar og hafa unnið hér mjög gott verk.“

Við litum í kring um okkur í salnum, og hvarvetna blasa við litrík myndverk, sett upp í skemmtilegum umgerðum. Á einum veggnum gegnt inngöngudyrnum hanga nokkrar svarthvítar grafíkmyndir eftir Pablo Picasso, einhvern frumlegasta listamann fyrir og síðar. Þar rétt hjá eru myndir efti Théo Tobiasse úr litróðinni um ævintýri H.C. Andersen í liflegum og skærum litum. Í sýningarskrá segir að Tobiasse hafi ekki snúið sér að hreinni myndlist fyrr en á fertugsaldri en hann hafði mest unnið að auglýsinga- og skreytilist.


Í salnum má einnig sjá myndir eftir Victor Vasarely en hann er einn af áhrifamestu listamönnum Frakklands, og vinnur myndir í „optískum“ formstíl. Þrjár myndir á sýningunni eru eftir Joan Miro, og er ein þeirra dýrasta myndin sem er til sölu og kostar eins og áður segir rúmar 60.000 krónur. Miro er meðal fremstu listamanna samtímans og hefur sérstakan stíl sem engum öðrum er líkur. Svo vitnað sé aftur í sýningarskrána, stendur þar að hann hafi eftirfarandi að segja um myndlífun sína:

„Öhreyfileikinn heillar mig. Flaska eða glas eða stór steinn á auðri sjávarströnd eru í sjálfum sér dauðir hlutir. Í ímyndun minni verða þessir hlutir þó upphaf eða kveikja mikillar hreyfingar. Kyrrð þeirra tengist í vitund minni óendanlegri rúmkennd, án upphafs eða endis. Því speglast slík form í list minni eins og glóðarhnettir sem eldfjall spýr, og þeir nema ekki staðar innan myndflatarinnar, heldur stefna langt, langt út fyrir hann...“

Við göngum út undir þessum orðum Miro og þökkum Myndkynningu þetta framtak.



Grafíkmynd eftir Pablo Picasso, mynd þessi er númer 244 af 250 prentuðum eintökum.



Dýrasta myndin, eftir Joan Miro, einn fremstu listamanna dagsins í dag.

Í stuttu máli

Stífla brast

Nýju Delhi, 19. október. AP.

FUNDIST hafa lík 120 manna, er fórust þegar stífla brast í Karnataka-fylki árla í dag og óttast er, að enn fleiri hafi farist. Þúsundir manna misstu heimili sín og uppskera eyðilagðist. Flestir íbúar á svæðinu við Gopinathapura, þar sem stíflan var, voru sofandi þegar stíflan brast. Mikil flóð urðu og sópuðust vegir m.a. í burtu.

50 bátar sukkur

Beirút, 19. október. AP.

FÁRVIÐRI á Persaflóa sókkti um 50 fiskibátum í nágrenni Hormuz-sunds, skammt frá hafnarbænum Bandar Abbas, um helgina. Að sögn útvarpsins í Teheran hafa lík 57 sjómanna fundist, en óttast er, að um 200 hafi farist í fárviðrinu.

Lögreglumenn skotnir

Milánó, 19. október. AP.

TEVEIR lögregluþjórnar týndu lífi og sá þriðji slasaðist lífsheittulega í skotbardaga við vopnaða menn í miðborg Milánó í dag. Mennirnir vopnuðu komust undan, en lögreglan stöðvaði bíl þeirra á venjulegri eftirlitsferð. Þeir komust undan eftir skotbardagann. Talið er, að þeir hafi annaðhvort verið hryðjuverkamenn eða félagar í einhverri neðanjarðarhreyfingu. Skipst var á um 30 skotum, og særðust tveir vegfarendur lítillega í bardaganum.

Manntjón í jarðskjálfta

Caracas, 19. október. AP.

AÐ MINNSTA kosti 10 fórust, er jarðskjálfti, að styrkleika 5,8 stig á Richter-kvarða, skók hérud á landamærum Kólumbíu og Venezuéla um miðnætti á laugardagskvöld. Tugir manna slóðuðust og mikið af húsum hrundi eða stórskemmdist.

Kopelev fær friðarverðlaun

Frankfurt, 19. október. AP.

VESTUR-þýskir bóksalar veittu sovéska andófsmanninum Lev Kopelev hin árlegu friðarverðlaun sín í gær fyrir ritverk hans og þýðingar á verkum þýskra höfundar.

Kopelev, sem nú er 69 ára að aldri, var sviptur sovéskum ríkisborgararétti fyrr á þessu ári og býr í V-Þýskalandi.

Verðlaunin, sem eru að upphæð 25 þúsund mörk, eru talin æðstu menningarverðlaun sem veitt eru árlega í V-Þýskalandi.

Í tilkynningu samtakanna segir, að þrátt fyrir stanslausar ofsóknir, hafi Kopelev ekki gefist upp við ritstörfin og baráttu sína fyrir mannréttindum í Sovétríkjunum.

Fyrsta handtakan

Karlsruhe, 19. október. AP.

FYRSTA handtakan vegna árársarinnar á yfirmann Bandaríkjahers í Evrópu 15. sept. fór fram í dag.

Ung kona frá Frankfurt sem stundar háskólanám var handtekin á föstudag fyrir að kaupa tjald sem fannst skammt frá staðnum þar sem skotið var á Frederick Kroesen hershöfðingja.

Talið er að árásarmennirnir hafi legið í leyni í tjaldinu áður en þeir veittu hershöfðingjanum fyrirsát.

Tölvuskólinn

Borgartúni 29
sími 25400



Tölvunámskeið

- ★ Viltu skapa þér betri stöðu á vinnumarkaðnum?
- ★ Viltu læra að vinna með tölvu?
- ★ Á námskeiðum okkar lærir þú að færa þér í nyt margvíslega möguleika sem smátölvur, (micro-computers) hafa upp á að bjóða fyrir viðskipta- og atvinnulífið.
- ★ Námið fer að mestu fram með leiðsögn tölvu og námsefnið er að sjálfsgöu allt á íslensku. Náms efnið hentar auk þess vel fyrir byrjendur.
- ★ Á námskeiðunum er kennt forritunarmálið BASIC, en það er langalgengasta tölvumálið sem notað er á litlar tölvur.

Innritun í síma 25400

GÓÐ MYND



er
vinsæl
jólagnjöf.

Pantið
tímanlega.

Verið
velkomin
í myndatöku
hjá mér.

Verslið hjá

Mats

fagmanninum

LJÓSMYNDAPJÓNUSTAN S.F.

LAUGAVEGI 178

REYKJAVÍK

SÍMI 85811